

Fundur hjá fjallskiladeild Víðdælinga, haldinn að L – Ásgeirsá sunnudagskvöldið 12. ágúst 2012, kl. 20:00

Formaður: Sigtryggur Sigurvaldason setti fund, Marianna Eva Ragnarsdóttir skrifaði fundargerð.

1. Undirbúningur álagningar fjallskila haustið 2012.
 - Borist hafa óskir um niðurfellingu fjallskila vegna fækkunar búfjár frá vorskýrslum.
 - Jón Halldórsson 5 ær og 1 hross
 - Björn Sigurvaldason 3 hross
 - Brynjólfur Ástþórsson 15 smálömb
2. Álagning fjallskila kr. 190 per eining og 4% af landverði. Ein kind er ein eining, eitt hross er 6 einingar og 30% afsláttur af hrossum sem ekki ganga á afrétti. Dagsverk hækkar upp í 10.500 kr. og aðrir liðir um ca. 5%. Tímagjald fyrir aukaverk er ákveðið kr. 1.850.- samkvæmt reikningi.
3. Umræður um breytingar á tilhögum gangna til sparnaðar. Ákveðið í stað undanreiðar fyrri gangna fari menn á 3 hjólum og smali fremsta hluta heiðarinnar á þriðjudegi, að öðru leyti verði leit hagað með svipuðum hætti og verið hefur. Gert er ráð fyrir því að fé sunnan Búðarár verði komið á Grímstungu- og Haukagilsheiðarmenn. 2 hjólanna fari svo niður Tungur og 1 niður Austurheiði. Þetta gerir fjallskiladeildinni kleift að lækka álagningu á per einingu úr kr. 210.- í kr. 190.-.
Ákveðið hefur verið að allar réttir í Víðidalstungurétt hefjist kl. 10.

Fundi slitið kl. 23:30.

Marianna Eva Ragnarsdóttir(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).

Júlíus Guðni Antonsson(sign.),